

Efni: Yfirlýsing matsmanna vegna skiptingar Jarðborana hf., kt. 590286-1419 í tvö félög, skv. 4. mgr. 122. gr., sbr. 133. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Stjórn Jarðborana hf. hefur ákveðið að leggja til við hluthafafund félagsins að félaginu verði skipt í þrjú félög þannig að stofnuð verði tvö ný félög, EHB ehf. (eða annað nafn sem ákveðið verður síðar) og Volcano Finance ehf. (eða annað nafn sem ákveðið verður síðar) sem yfirtaki tilteknar eignir og skuldir Jarðborana hf. Nánar tiltekið er um að ræða að Jarðboranir hf. munu áfram halda kjarnastarfsemi sinni, þ.e. borrekstri og þeim eignum og skuldum sem þeim rekstri tilheyrir. EHB ehf. mun fylgja eignarhlutur í Björgun ehf. auk kröfu á Jarðboranir hf. Volcano Finance ehf. mun yfirtaka skuldbindingar vegna skuldabréfa sem Jarðboranir hf. hafa gefið út og skráð eru í Kauphöll Íslands. Á móti mun Volcano Finance ehf. eiga kröfu á Jarðboranir sem nemur sömu fjárhæð og skuldbindingin út af skuldabréfunum. Öll félögin munu verða með jákvæða eiginfjárstöðu við skiptinguna og uppfylla skilyrði hlutafélaga- og einkahlutafélagalaga um lágmarkshlutafé.

Ljóst er að verði skiptingin framkvæmd eins og áformað er þá verður um dreifingu á eigin fé Jarðboranna hf. er að ræða milli félaganna. Það er mat okkar að þó staða lánadrottna í einstökum félögum verði ekki sú sama og hún var áður þá er það álit okkar að eignir félaganna hvers um sig standi til nægjanlegrar tryggingar fyrir þeim skuldum sem í félögunum verða. Í þessu sambandi teljum við nauðsynlegt að fram komi að Volcano Holding ehf., kt. 411106-0980, dótturfélag Atorku Group hf., móðurfélags Jarðborana hf. hefur tryggt endurfjármögnun fyrir Jarðboranir hf. og fjármagn sem notað verður til að gera upp skuld félagsins við Volcano Finance ehf. Fyrir liggja áætlanir um hlutafjárukningu og lánsfjármögnun Jarðboranna af þessu tilefni. Einnig liggur fyrir ákvörðun stjórnar Atorku Group hf. að yfirtaka síðar Volcano Finance ehf. með samruna.

Varðandi stöðu lánadrottna og áhrif skiptingarnar á þá þá teljum við ástæðu til að vekja athygli á ákvæði 3. mgr. 133. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Þar kemur m.a. fram að ef kröfuhafi í félaginu, sem tekið hefur þátt í skiptingunni, fær ekki fullnustu kröfu sinnar í því félagi sem kröfuna skal greiða ber hvert hinna þátttökufélaganna óskipta ábyrgð á skuldbindingum sem stofnast höfðu þegar upplýsingar um skiptingarátætlunina voru birtar.

Reykjavík, 27. nóvember 2006

PricewaterhouseCoopers hf.

Sighvatur Halldórsson,
Löggiltur endurskoðandi

Kristinn Fr. Kristinsson,
Löggiltur endurskoðandi